

**AUGLÝSING**

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á fiskimjöli fyrir framleiðslutímabilið 1. maí til 30. júní 1977.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á fiskimjöli fyrir framleiðslutímabilið 1. maí til 30. júní 1977:

Fiskimjöl, \$ 7.50 á próteineiningu í lest.

Verðbil verður ekkert.

Verðið miðast við Cif., og gerist upp á viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadollar, \$ 1 = 192.30. Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 55% af verðbreytingum frá grundvallarverði.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 5. maí 1977.*

F. h. r.

**Þórður Ásgeirsson.**

*Gylfi Þórðarson.*

Nr. 210.

10. maí 1977.

**AUGLÝSING**

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykktum fyrir Byggingarsamvinnufélag Samtaka aldraðra.

Samkvæmt lögum nr. 59 30. apríl 1973 um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins hefur ráðuneytið í dag staðfest samþykktir fyrir Byggingarsamvinnufélag Samtaka aldraðra. Varnarþing félagsins er í Reykjavík.

*Félagsmálaráðuneytið, 10. maí 1977.*

F. h. r.

**Jón S. Ólafsson.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

Nr. 211.

12. maí 1977.

**REGLUGERÐ**

um gatnagerðargjöld í Kjalarneshreppi.

**1. gr.**

Sveitarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir og byggingar í sveitarfélaginu, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari.

Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

**2. gr.**

Gatnagerðargjöld eru tvenns konar, A-gjald, sem lagt er á vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við að undirbyggja götur ásamt tilheyrandi lögnum, og B-gjald, sem er gjald vegna þátttöku lóðarhafa í kostnaði við lagningu bundins slitlags á götur og gerð gangstétta.